

Fulltrúaráðsfundur 21. október kl.20:00 á skrifstofu HRFÍ.

Fundarboð var sent með tölvupósti þann 7. október.

Mættir eru fimm fulltrúar frá stjórn HRFÍ og 25 fulltrúar frá eftirfarandi deildum: schnauzerdeild, írsk setterdeild, Svæðafélagi Norðurlands, retrieverdeild, fuglahundadeild, cavalierdeild, vorstehdeild, vinnuhundadeild, St. Bernardsdeild, DIF, grefil-og sporhundadeild, tibetspanieldeild, Am.cockerdeild, Schäferdeild, fjár og hjarðhundadeid, yorkshire terrierdeild og papillon- og phalénédeild. Vantaði því fulltrúa frá 13 deildum.

Dagskrá:

Fréttir frá framkvæmdastjóra og skrifstofu, Fríði Esther Pétursdóttur.

Tveimur félagsmönnum var nýlega vísað úr félaginu tímabundið af Siðanefnd og því eru núna fjórir félagsmenn í banni vegna ítrekaðra brota á reglum félagsins. Það er sorglegt að flest þessara brota eru ræktunarbrot og því ítreka ég aftur nauðsyn þess að félagsmenn kynni sér vel ræktunarkröfur á tegundirnar sínar og að deildirnar séu duglegar að kynna reglurnar fyrir sínum félagsmönnum.

Frá síðasta fulltrúaráðsfundi hefur ræktunarkröfum verið breytt í eftirfarandi tegundum; Ræktunarlundi bæði langhunda og whippet var lækkaður, DNA kröfum var bætt við á golden retriever ásamt breytingu á augnskoðunar og DNA kröfum fyrir yorkshire terrier og niðurfellingu á augnskoðunarkröfu á pomeranian.

Fjárhagur félagsins er í ágætis málum í augnablikinu, enda er búið að leggjast í miklar sparnaðaraðgerðir á öllum sviðum sem skilað hafa góðum árangri. Kostnaður við sýningar mun hinsvegar rjúka upp núna þegar við þurfum orðið að leigja húsnæði og gólfefni. Stjórn Fáks hefur sýnt því áhuga á að gera við okkur langtímaleigusamning og þá jafnvel kaupa eigið gólfefni sem hægt væri þá að leigja beint af þeim. Svipaður skráningarfjöldi á sýningar er á árinu og síðasta ár, þrátt fyrir að við bættum við einni sýningu. Á næsta ári ætlum við að gera ennþá betur og bættum við tveimur sýningum eða tvöfaldri útisýningu 25-25.júlí. Fyrirhugaðar eru margar deildasýningar á næsta ári og því ætti árið 2015 að verða árið sem við sjáum mögulega þolmörk okkar félagsmanna þegar kemur að sýningum. Hugmyndin er jafnframt sú að máisýningin verði úti á landi en nánar á eftir að útfæra það.

Á heimssýningunni í Finnlandi þáði ég boð um að sitja fyrirlestur um tölvukerfi FKK sem er í alla staði frábært. Í framhaldi af því óskaði ég eftir fundi með Finnum á NKU fundi í Danmörku um kerfið þeirra og möguleg afnot okkar af kerfinu. Finnarnir tóku mjög vel í þennan möguleika, með þeim fyrirvara þó að ef mikill munur væri á milli ræktunarkrafna yrði of mikið verk að stilla kerfið af þannig að það hentaði okkur. Mér skilst að þýðing á kerfinu sé í sjálfu sér ekki mikið mál, og því er ég bjartsýn á að þetta gæti gengið eftir.

Það eru 749 hundar skráðir á alþjóðlegur sýninguna í nóvember og skráning í augnskoðun fer vel af stað. Þær deildir sem eiga að aðstoða á þessari sýningu eru: yorkshire terrierdeild, spítzhundadeild, smáhundadeild, siberian huskydeild, grefil- og sporhundadeild, ensk cocker spanieldeild og cavalierdeild. Ég ítreka nauðsyn þess að deildirnar manni vel og það fólk sem lofar að koma, skili sér til starfa.

Meira er ekki frá mér að sinni en ég bendi áhugasömum á að í upphafi allra fundargerða stjórnar HRFÍ er skýrsla framkvæmdastjóra.

Fréttir frá NKU fundum 24. - 25. september

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður kynnir það helsta er kom fram á stjórnarfundum NKU.

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu framkvæmdastjóra- og stjórnarfund NKU.

Fundirnir voru haldnir í húsnæði DKK

Framkvæmdastjórafundur hófst kl.13:00 24. september.

Stjórnarfundur kl.9:30 25. september:

Valinn endurskoðandi fundargerðar var Siv Sandø formaður NKK

Dagsskráin borin upp til samþykktar

Farið yfir dagsetningar næstu funda.

NKU stjórnarfundur verður í Finnlandi 18. febrúar 2015

NKU stjórnarfundur verður í Svíþjóð 24. september 2015

NKU framkvæmdastjórafundur verður daginn áður eða 23. september og fundur fyrir starfsmenn á NKU skrifstofum þann 22. september.

Erindi frá síðasta NKU fundi.

Ákveðið var á síðasta NKU stjórnarfundum að taka fyrir á næsta NKU fundi, þ.e. þessum fundi, samræmdar sýningarreglur NKU landanna. Þar kom fram að Wilfred Olsen frá DKK muni koma á fundi með fulltrúum NKU landanna til að fara yfir reglurnar. HRFÍ fékk boð um að senda fulltrúa á fundinn en við töldum ekki þörf á því. Wilfred Olsen kynnti á NKU fundinum niðurstöðu fulltrúanna þar sem tekið er tillit til nýrra reglna FCI og var ákveðið að leggja tillögu þeirra fyrir sýningastjórn/stjórn hvers félags. Við þurfum litlar sem engar breytingar að gera á okkar reglum en spurning að skoða úthlutun meistarastiga. Það þarf að bera undir stjórn og sýningastjórn HRFÍ.

Aðalfundur Europe Section í Brno 27. október nk.

Rætt var um kosningu formanns og stjórnar.

Formaður er kosinn til fjögurra ára. Í framboði eru:

Jörgen Hindse formaður DKK er í endurkjöri

Cirstian Stefanescu Rúmeníu

Prír aðilar eru kosnir í stjórn; 2 til fjögurra ára og einn til 2ja ára. Í framboði eru:

Ionna Galanos frá Grikklandi , Marbara Müller frá Sviss báðar í endurkjöri og

Eeva Anttinen frá Finnlandi

Erindi frá SKK – Kostir og gallar að vera í FCI

Það er spurning hvað við fáum út úr veru okkar í FCI. Er það betra eftir að reglum var breytt á síðasta aðalfundi FCI! Fundarmenn sammála að ræða þurfi kosti og galla. Framkvæmdastjórum NKU félaganna var falið að lista upp kosti og galla og láta FCI vita að við værum að ræða þessi mál. FCI fundur verður í janúar 2015 þar sem Jørgen, Ulf og Leif Hermann munu mæta.

Það er jafnframt áriðandi að framkvæmdastjórar ræði fram að næsta NKU/AU fundi hvaða titla félög innan NKU muni ekki samþykkja.

Sameiginlegar aðgerðir gagnvart fólki sem hagar sér ósæmilega.

Ákveðið var að stofna google account þar sem við getum skiptst á upplýsingum og haft óopinberan svartan lista fyrir dómara og aðra sem haga sér ósæmilega. SKK mun stofna google account.

C.I.B – retrievers and spaniels

Samþykkt að við eigum að breyta reglum okkar þannig að það sama gildi fyrir retriever -og spanielhunda.

Beiðni frá SKK um skráningu á hundakyninu Treeing Walker Coonhound í Sverige

Skv. ákvörðum síðasta NKU fundar þarf að senda svona erindi til NKK/VK áður en erindi er tekið fyrir á NKU stjórnarfundi. SKK sagði þetta vera meira til kynningar núna.

Bráðabirgðaniðurstöður vegna breytinga á ræktunarkröfum DKK

Í upphafi árs 2013 fækkaði DKK ræktunarkröfum úr 226 í 40!

Mun fleiri hundar eru nú skráðir í ættbók hjá DKK

Þrátt fyrir þessar breytingar þá láta fleiri ræktendur mjaðma- og olnbogamynda í öllum tegundum. Aukin skráning er á sýningar, en áður fyrr þurfti hundur, sem átti að nota í ræktun, að fá einkuninna good. DKK upplýsir ræktendur um neytendalögin. Hvolpakaupandi á ekki eins ríkan rétt á endurkröfu á ræktanda ef ræktandi gerir sitt ítrasta til að forðast ræktun frá veikum eintaklingum. Dæmi: Þú myndar hundinn þinn og ræktar ekki frá hundum með HD D.

EF þú hins vegar ræktar undan þannig hundi og hvolpur úr gotinu er gallaður (HD D goti) þá er krafa um endurgreiðslu mun sterkari.

DKK ítrekar þetta á öllum eyðublöðum sínum er varða ræktun.

Fréttir frá NKU löndunum – statistik m.v. 30. júní 2014.

Svíþjóð

Félagsmenn eru 95000 – hefur fækkað um 3%

Hvolpaskráning stendur í stað

Skráningar á hundasýningar eru u.þ.b. 150.000 og standa í stað

Skáningar á veiði- og vinnupróf eru u.þ.b. 40.000 og standa í stað

Þátttaka á ýmsum námskeiðum o.þ.h. hefur aukist um 10%

Fjöldi starfsmanna er 72 og efnahagur er jákvæður.

SKK er að þjálfa nýja all-rounder dómara

New breeding books. Á næst ári verður online breeder course

SKK er að kljást við tryggingarfélög. Hugsanlegt að tryggingarfélög geri þá kröfu að farið sé til ákveðinna tryggingarlækna annars verði bætur ekki greiddar.

Noregur

Félagsmenn eru 86.319 – hefur fækkað um tæp 2%

Hvolpaskráninginum hefur fækkað um 11%

Skráning á hundasýningar er 68.754 - hefur aukist um 7.24%

Skáning á veiði- og vinnupróf er 195.412 - hefur aukist um 14% (menn settur ? við þessa tölu)

Þátttaka á ýmsum námskeiðum o.þ.h. hefur aukist um 21%

Fjöldi starfsmanna er 34 og efnahagur að komast í lag, en þeim var mikið létt að geta forðað félaginu frá gjaldþroti.

Eingöngu er hægt að skrá sig í NKK í gegnum sérdeildir/klúbba.

NKK mun leggja áherslu á að verða opnara og þjónustuvænna og þannig auka velvild gagnvart hundaeigendum.

Danmörk

Félagsmenn eru 32.640 – aukning

Hvolpaskráning stendur í stað

Skráningar á hundasýningar eru 16.139 og hafa aukist

Skáningar á veiði- og vinnupróf eru u.þ.b. 470 og standa í stað

Engin statistik eru um þátttöku á ýmsum námskeiðum o.þ.h. Fjöldi starfsmanna er 72 og efnahagur er jákvæður.

DKK er að vinna ný námskeið fyrir hundþjálfara og er einnig að reyna að finna fleiri æfingasvæði þannig að hundeigendur kjósi að þjálfa hunda sína í DK.

Finnland

Félagsmenn eru 152.218 félagsmenn – hefur aukist um 0,13%

Hvolpaskráningar eru 23.956 - hefur fækkað um 0.70%

Skráningar á hundasýningar eru 80.738 - hefur fækkað um 20%

Skáningar á veiði- og vinnupróf eru 10.178 - hefur fækkað um 64%

Þátttaka á ýmsum námskeiðum o.þ.h. er 52.185 - hefur dregist saman um 5.4%

Fjöldi starfsmanna er 74 ( sumarstarfsmenn taldir með) og er efnahagur stöðugur

Það hafa verið miklar annir hjá FKK vegna heimssýningarinnar í ágúst. Fundarmenn hrósuðu FKK fyrir góðan viðburð.

Finnarnir sögðu frá tölvukerfi sínu. Sýningaforrit þeirra verður notað á heimssýningunni í Milánó.

Þeir sögðu einnig frá skemmtulegu sjónvarpsverkefni með ungum sýnendum sem hefur vakið mikla lukku og er í endursýningum vegna mikilla vinsælda.

Fundi var slitið um kl.15:00

Val í starfshópa/nefndir til að fylgja eftir stefnumarkmiðum félagsins

Herdís Hallmarsdóttir varaformaður kynnir

Á stjórnarfundi 15. október sl. var samþykkt að eftirfarandi stjórnarmenn taki að sér að vera tengiliðir stjórnar í eftirfarandi hópum/nefndum:

Umfjöllun og kynningarstarf Sóley Möller

Gagnagrunnur um ræktunardýr og heilsufar Guðmundur A. Guðmundsson

Með fyrirvara um samþykki Guðmundar, sem var ekki á fundinum

Fræðsla Brynja Tomer

Samskipti við opinbera aðila Jóna Th. Viðarsdóttir

Starf ræktunardeilda Ragnhildur Gísladóttir

Einangrunarmál Herdís Hallmarsdóttir

Herdís sagði lítilega frá stefnumótunavinnunni og að Guðmundur A. Guðmundsson stjórnarmaður hefði haldið utan um stefnumótunavinnuna f.h. stjórnar en Guðmundur kynnti niðurstöður á síðasta fulltrúaráðsfundi.

Stjórn HRFÍ mun senda upplýsingar á ræktunarstjórnir allra deilda til að auðvelda þeim kynningu til þess að fá félagsmenn til vinnu í ofangreindum hópum/nefndum.

Kynningar-/fræðslufundir með ræktunarstjórnnum

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður kynnir

Fram kom á fulltrúaráðsfundi 30. apríl sl. að stjórn HRFÍ hefði ákveðið að efna til kynningarfunda fyrir stjórnir ræktunardeilda m.a. til að kynna lög félagsins og starfsreglur ræktunardeilda. Það er ekki sjálfgefið að nýir félagsmenn í ræktunarstjórnnum fái nægilega kynningu til að geta sinnt trúnaðarstarfi sínu til samræmis við lög og reglur félagsins. Með þessu framtaki ættu þeir að vera betur í stakk búnir að takast á við hin ýmsu verkefni á vegum deildanna.

Ætlunin var að fara af stað með þessar kynningar í haust en úr því sem komið er varla raunhæft að fara af stað með þær fyrir en í janúar. Innan félagsins eru 26 ræktunardeildir, 14 sérdeildir, 6 hópdeildir, 6 safndeildir. Aðrar deildir eru Svæðafélag Norðurlands, Íþróttadeild, Vinnuhundadeild og Unglingadeild.

Stjórn hefur ákveðið að kalla saman nokkrar deildir saman á fund hverju sinni. Einn eða fleiri stjórnarmenn verða á fundunum. Farið verður yfir helstu atriði sem sem stjórnarmenn í deildum þurfa að vera vel meðvitaðir um. Sent verður út fundarboð í tíma og því ágætt ef stjórnarmenn undirbúa sig t.d. með því að lesa yfir lög félagsins og reglugerð um ræktunardeildir. Þetta er einnig góður vettvangur fyrir nefnd/hóp um starf ræktunardeilda, sem stofnaður var til fylgja eftir stefnumarkmiðum félagsins því búast má við því að góðar hugmyndir komi fram um það sem við getum gert betur í starfi ræktunardeilda.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju með þetta framtak og voru sammála því að fara af stað með kynningar strax í byrjun næsta árs.

Önnur mál

Jóna Th. Viðarsdóttir: Á fulltrúaráðsfundi 30. apríl var sagt frá nýjum dýraverndarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2014 og að um leið og ný reglugerð verður tekin í notkun verði kynningarfundur fyrir félagsmenn HRFÍ. Einhver töf verður á reglugerðinni fyrir gæludýr. Samkvæmt símtali við Konráð Konráðsson yfirdýralækni hjá MAST í dag er reglugerðin ennþá til umfjöllunar hjá ráðuneytinu. Þóra Jóhanna Jónasdóttir dýralæknir gæludýra og dýravelferðar segist ekki vita hvað tefur málið í ráðuneytinu en lætur okkur vita um leið og eitthvað kemur og er klár í að kynna lögin og reglugerðina í kjölfarið. Aðeins er komin reglugerð fyrir hross.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, formaður DÍF, sagði frá því helsta í starfi deildarinnar m.a. frá glæsilegum bæklingi sem deildin gaf út og Víkingasveitinni. Guðríður sagði gott samstarf innan stjórnar og deildarinnar og var ánægð með góða skráningu íslenska fjárhundsins á næstu sýningu.

Fundi slitið kl.21.40